

Alþingi
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við öflun og miðlun fréttu, fréttatengds efnis o.fl.)

Reykjavík, 15. febrúar 2019

I. Formáli

Hér á eftir fer umsögn Félags kvenna í atvinnulífinu (**FKA**) við frumvarp Allsherjar- og menntamálanefndar um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við öflun og miðlun fréttu, fréttatengds efnis o.fl.).

Frá árinu 2013 hefur FKA unnið að sérstöku hreyfiafslverkefni sem kallast fjölmiðlaverkefni FKA. Hluti af því verkefni hefur falist í að birta upplýsingar um hlutföll kynja sem viðmælendur í fjölmiðlum. Haustið 2013 voru fyrstu tölur kynntar en þær voru teknar saman af Creditinfo fyrir FKA. Þar mátti sjá að karlmenn voru að meðaltali þrefalt fleiri sem viðmælendur í ljósvakafréttum í samanburði við konur. Í kjölfarið hóf FKA samstarf við fjölmiðla þar sem fréttastofur og dagskrárgerðarfólk var hvatt til að skrá upplýsingarnar markvisst og gögn nýtt til að auka ásýnd kvenna í fjölmiðlum. Þetta samstarf hefur gengið mjög vel og verið lykilþáttur í því að nú birtir RÚV reglulega tölur um viðmælendur í sínum ljósvakamiðlum og það sama gildir um einstaka umræðuþætti hjá öðrum miðlum. Um þessar mundir vinnur FKA nú að því að auka á samtal fjölmiðlafólks um mælingar og gögn, helst þannig að mælingar séu samræmdar, til staðar hjá öllum og auðveldari til eftirlits. Sá hópur sem hér undirritar umsögn þessa, leiðir tiltekið verkefni fyrir hönd stjórnar FKA.

Umræddur verkefnahópur hefur nú farið yfir fyrirbyggjandi frumvarpsdrög sem fela í sér heimildir til að veita styrki í formi endurgreiðslu á hluta ritstjórnarkostnaðar einkarekinna fjölmiðla. Verkefnahópurinn tekur ekki afstöðu til þess hvort stuðningskerfi í formi endurgreiðslu til einkarekinna fjölmiðla sem mælt er fyrir um í frumvarpinu sé æskilegt eður ei. Markmið með umsögn verkefnahópsins er að benda á mikilvægi þess að bæta tilteknu skilyrði við ákvæði frumvarpsins um skilyrði þess að hljóta styrk í formi endurgreiðslu í samræmi við það sem nánari grein verður gerð fyrir hér að neðan.

II. Skilyrði um endurgreiðslu samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi

Í frumvarpsdrögunum er mælt fyrir um að fjölmiðlar sem viðtakendur styrkja uppfylli tiltekin skilyrði fjölmiðlalaga til að geta hlotið styrk eða endurgreiðslu á hluta kostnaðar við öflun og miðlun fréttu, fréttatengds efnis og umfjöllun um samfélagsleg málefni. Í 62. gr. g. með fyrirsögninni *skilyrði endurgreiðslu* til einkarekins fjölmiðils er mælt fyrir um eftirfarandi skilyrði:

- a. Um sé að ræða endurgreiðsluhæfan kostnað.
- b. Fjölmiðill skal vera skráður eða hafa leyfi til hljóð- eða myndmiðlunar.
- c. Fjölmiðill hafi starfað óslitið í tólf mánuði eða lengur fyrir þann tíma er umsókn berst til fjölmiðlanefndar.

- d. Aðalmarkmið fjölmiðils skal vera miðlun fréttar, fréttatengds efnis og umfjöllun um samfélagsleg málefni. Hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar skulu starfrækja sjálfstæða fréttastofu eða miðla daglega nýjum fréttum, fréttatengdu efni eða umfjöllun um samfélagsleg málefni.
- e. Efni fjölmiðilsins skal vera fjölbreytt og fyrir allan almenning á Íslandi.
- f. Prentmiðlar skulu koma út að lágmarki fjörutíu og átta sinnum á ári. Netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar skulu miðla nýju efni daglega.
- g. Ritstjórnarefni skal að lágmarki vera 40% af því efni sem birtist í prentmiðlum sem dreift er endurgjaldslaust til lesenda. Ritstjórnarefni í öðrum prentmiðlum og hjá netmiðlum skal að lágmarki vera helmingur af birtu efni.
- h. Einn sjötti hluti ritstjórnarefnis skal byggja á sjálfstæðri fréttar- eða heimildaöflun.

III. Tillaga verkefnahóps fjölmiðlaverkefnis FKA um aukin skilyrði fyrir endurgreiðslu

Til viðbótar við þau skilyrði sem talin eru upp hér að framan og fyrirbyggjandi frumvarpsdrög mæla fyrir um telur verkefnahópur fjölmiðlaverkefnis FKA brýnt að í frumvarpinu verði jafnframt mælt fyrir um að endurgreiðslan verði háð því skilyrði að fjölmiðill hafi uppfyllt skilyrði ákvæðis i. og j. liða 1. mgr. 23. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011 samkvæmt því sem kemur fram hér að neðan.

Í 1. mgr. 23. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011, er mælt fyrir um að fjölmiðlaveitu sé skylt að senda fjölmiðlanefnd árlega skýrslu, sem hefur að geyma upplýsingar um tiltekin atriði, þám. um birtingamyndir kynjanna, þ.m.t. hlutfall karla og kvenna í hópi viðmælenda í fréttum og fréttatengdu efni, sbr. i-liður 1. mgr. 23. gr. laganna. Jafnframt er mælt fyrir um það í j. lið 1. mgr. 23. gr. laganna að fjölmiðlaveitu beri að senda upplýsingar um starfsfólk á ritstjórnnum/fréttastofum/dagskrársviði fjölmiðla, fjölda karla og kvenna, greint eftir starfsheitum.

Samkvæmt upplýsingum verkefnahóps fjölmiðlaverkefnis FKA hefur ákvæði bæði i- og j. liða 1. mgr. 23. gr. laganna ekki verið fylgt markvisst eftir. Verkefnahópur fjölmiðlaverkefnis FKA telur brýnt að ákvæði laganna verði framfylgt. Verkefnahópurinn leggur því til við Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis að því verði bætt við fyrirbyggjandi frumvarpsdrög til breytinga á lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla að á meðal skilyrða þess að fjölmiðill geti farið fram á endurgreiðslu sé að fjölmiðillinn hafi á hverju ári sinnt skyldu sinni skv. ákvæði i- og j. liða 1. mgr. 23. gr. laga um fjölmiðla.

Verkefnahópur fjölmiðlaverkefnis FKA er reiðubúinn til að koma á fund nefndarinnar og gera frekari grein fyrir sjónarmiðum og röksemdum sínum að því er varðar tillögu sína um að binda endurgreiðslur frekari skilyrðum eins og að framan greinir.

Virðingarfyllt

f.h. verkefnahóps fjölmiðlaverkefnis FKA

Rakel Sveinsdóttir, formaður stjórnar FKA

Helga Margrét Reykdal

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir